

FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Miðvikudagur 14. september 2022 | 10. töl. 20. árg. Upplag 10.000 eintök.

Dreift frítt inn á öll heimili í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur

Rattleikur Hafnarfjarðar

Ekki gleyma að skila!

Enn er hægt að vera með og ná a.m.k. 9 merkjum.
Þeir sem eru þegar byrjaðir geta enn bætt við fleirum merkjum!
Skila má lausnarblöðum í Ráðhúsinu v/ Strandgötu.

<https://rattleikur.fjardarfrettir.is>

 Rattleikur



Skilafrestur
25. september

Uppskeruhátíð 6. október!



Frí Rattleikskort má fá í Fjarðarkaupum, Bókasafninu og víðar.

Hafnafirsk æska

SÉRBLAÐ UM VETRARSTARF Í HAFNARFIRÐI

Æskulýðs- og íþróttafélögin og Hafnarfjarðarbær bjóða upp á fjölbreytt starf í vetur. Framboðið er mikið, allt frá styttri námskeiðum til þátttöku í vetrarlöngu starfi. Allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi og tækifæri er á að prófa

sem flest á meðan tækifæri gefst.

Í þessu blaði er starf fjölmargra félaga kynnt í auglýsingum frá félögum en blaðið er gefið út í samstarfi við íþrótt- og æskulýðsfulltrúa Hafnarfjarðar.

Hafnarfjarðarbær styður vel við fjölbreytt starf fyrir börn og unglinga enda mikilvægt að efla holla útivist, hreyfingu og samstarf.

Skoðið vel það sem í boði er og foreldrar eru hvattir til að hvetja börnin sín til að taka þátt

og jafnframt að prófa eitthvað nýtt.

Fjölmargir leiðtogar með góða menntun og reynslu vinna með börnunum í fjölbreyttu starfi og margir í sjálfboðavinnu.

– Allt fyrir hafnafirska æsku!

Fjölmargt í boði



Í Hafnarfirði er boðið upp á fjölmargar íþróttagreinar, skátastarf, kirkjustarf og menningarstarf fyrir ungt fólk.

Hér má sjá Kára úr Karatedeild Hauka keppa í Kumite í flokki 14 ára á móti í Hafnarfirði í vor.

NÆSTA BLAÐ
KEMUR ÚT
5. október



Vilt þú hafa áhrif á menningarmál í Hafnarfirði?

Menningar- og ferðamálanefnd boðar til opins samráðsfundar í Hafnarborg miðvikudaginn **28. september kl. 8:30 -11:30** vegna vinnu við aðgerðaáætlun í menningarmálum 2022-2025.

Skráning á hfj.is/menningarmot

Nánar á hafnarfjordur.is



FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: sími 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prestun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Póstdreifing

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf.,
Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

Eru sjálfstætt starfandi skólar í Hafnarfirði eftirlitslausir?

Í mars árið 2022 var útgefin á vegum Innri endurskoðunar og ráðgjafar, sjálfstæðrar eftirlitsstofnunar með stjórnsýslu Reykjavíkurborgar, niðurstaða úttektar á sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum.

Úttektin afmarkaðist við útteilingu fjármuna og hlitni við samninga við sveitarfélagið.

Niðurstöðurnar eru fróðlegar. Rýni ársreikninga reyndist oft ábótavant, skólarnir eru oft í eigu stjórnenda skólans og í einhverjum tilvikum er greiddur út arður til eigenda skólanna, sem jafnframt eru á launaskrá sveitarfélagsins. Einnig var um að ræða umtalsverð frávik frá hámarksgjaldskrá.

Í þjónustusamningum borgarinnar við sjálfstætt starfandi grunnskóla eru ákvæði um að rekstrarafgangur skuli nýttur til frekari uppbyggingar skólastarfsins, en engin merki slíks fundust í ársreikningum grunnskólanna.



Gestur Svavarsson

Lesturinn vekur upp spurningar um hvernig þessu sé háttað í Hafnarfirði, og spurningarnar verða auðvitað áleitnari, þar sem nýverið var rekstrarframlag til sjálfstætt starfandi skóla í Hafnarfirði aukið. Bæjarbúar allir eiga kröfu á því að vel sé farið með fé þeirra og að ljóst sé að lögum og reglum varðandi rekstur sjálfstætt starfandi skóla sé fylgt.

Því er spurt hvort bæjaryfirvöld hafi staðið fyrir sambærilegri úttekt. Sé ekki svo, er kallað eftir þeirra vinnu. Sé svo ekki er kallað eftir þeirra vinnu. Það er sömuleiðis brýnt að samningar við sjálfstætt starfandi skóla verði gerðir opinberir og gagnsætt verði hvaða kröfur eru gerðar til faglegs starfs, en einnig rekstrar. Við bæjarbúar höfum til þess tilkall.

F.h. stjórnar VG í Hafnarfirði
Gestur Svavarsson

leiðarinn



Hafnirsk æska mun skapa framtíð okkar og mikilvægt fyrir okkur að skapa þeim tækifæri til að dafna og þroskast til öflugra starfa.

Sem ungur drengur naut ég þess að geta tekið þátt í fjölbreyttu æskulýðsstarfi sem hefur mótað mig sem fullorðinn mann. Ég upplífi fjölbreytnina og mismunandi áherslur í fótbolta, handbolta, KFUM starfi, badminton og í skátastarfi sem ég svo helgaði mig og get enn í dag deilt því sem ég lærði til ungra skáta. Þarna var allt í bland, keppnisandinn, bræðralagið og trúin á hið góða og það var svo mitt að nýta það besta úr öllu.

En hið óskipulagða starf með æskuvinum og félögum í hverfinu og skólanum var einnig mikilvægt, þar sem klifrað var í klettum, kofar smíðaðir og hjólatíkur, skautað á frosinni Ástjörminni og hlaupið um holt og móa í alls konar leikjum. Sköpunargáfan fékk að blómstra og við krakkarnir kenndum hverjum öðrum. Mikilvægt er að skapa aðstöðu til þess að börn fái að njóta nærumhverfisins en það þarf ekki alltaf hoppubelgi til eða önnur tæki. Foreldrar sem njóta útiveru með börnum sínum í mögnuðu umhverfi Hafnarfjarðar upplifa að sjá áhuga barnanna á umhverfinu aukast og ekki síður að sjá börnin læra að njóta þess sem gefst á hverjum stað.

Þrátt fyrir góðar niðurgreiðslur Hafnarfjarðarbæjar getur hár kostnaður hamlað því að börn fái að upplifa mismunandi félagsstarf og þurfi að velja. Það er miður en vonandi sjá félög kost á því að halda verði niðri á sama tíma og sveitarfélagið leggur gríðarlegar upphæðir til uppbyggingar á mannvirkjum og aðstöðu. Þetta er tekið af skattgreiðslum bæjarbúa og mikilvægt að jafnræði gildi og bæjarbúum sé ekki mismunad.

Öflugt og gott æskulýðs- og íþróttastarf er mikilvægt fyrir hvert samfélag og nauðsynlegt að leggja áherslu á innra starfið og bræðralag ekki síður en afrek. Það er því ekki nægilegt að styrkja umgjörðina (steinsteypuna).

Guðni Gíslason ritstjóri.

Meðgöngusund

Sundlaug Sjálandsskóla í Garðabæ

Tímar

Mánudagar og miðvikudagar kl 19.15

Mánudagar og miðvikudagar kl 20.00

Næstu námskeið

26. september - 19. október

24. október - 16. nóvember

21. nóvember - 14. desember



Skráning og nánari
upplýsingar á
yogahapp@gmail.com

yogahapp



Upphaf skólaársins

Í upphafi skólaárs setjum við okkur markmið og hefjum ný verkefni. Stærsta verkefni barna okkar er byrjun skólagöngunnar hvort sem er í leik- eða grunnskóla, verkefni sem börnin biða með eftirvæntingu og tilhlökkun en getur verið afar krefjandi og fyrir suma erfitt. Það er gömul saga og ný að það þurfi heilt bæjarfélag til að ala upp barn og það er svo sannarlega satt þegar kemur að því að tryggja farsæla skólagöngu

barnanna. Þessa dagana eru yngstu leikskólabörnin alls 426 að hefja aðlögun sína hvert af öðru, en öll börn fædd í maí 2021 sem skráð voru með lögheimili í Hafnarfirði í maí 2022 hafa fengið boð um leikskólalátt. Á undanföllum árum hefur innritunardur barna lækkað jafnt og þétt og er nú miðað við að börn sem náð hafa 15 mánaða aldri að hausti fái boð um leikskólaðvist sem við í meirihlutanum teljum raunhæfan aldur.



Kristín Thoroddsen

FRÍTT SÖLUVERÐMAT // SANNGJÖRN SÖLUÞÓKNUN // FAGLJÓSMYNDARI

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð
vinnubrögð og persónuleg þjónusta“

Ársæll Óskar Steinmóðsson
löggitur fasteignasali

as@domus.is

896 6076



Firði, verslunarmiðstöð,
5. hæð (norðurturn)
220 Hafnarfjörður
www.domus.is

domus
FASTEIGNASALA

Í vetur verða opnuð um 100 pláss í færanlegum kennslustofum og undirbúningur er hafinn við nýjan leikskóla í Hamranesi í takt við fjölgun íbúa þar.

Vel hefur gengið að manna stöður á frístundarheimilum og eru öll börn sem sótt var um fyrir á tilsettum tíma komin með öruggt pláss. Mikil eftirspurn hefur verið eftir plássum á frístundaheimilum og er það trú okkar að ráðið verði í þær stöður fljótt og vel svo enn fleiri börn komist að.

ENDURSKOÐUN Á SKIPULAGI LEIKSKÓLANS

Eitt af stóru verkefnum okkar er að leiða áfram vinnu við að búa til samfellu eftir að fæðingarorlofi líkur með sterku dagforeldrakerfi, öflugum leikskólum og öðrum leiðum sem foreldrar hafa kallað eftir. Vinna við endurskoðun skipulags leikskólanna hefst nú á haustmánuðum og samtal við dagforeldra er þegar hafið. Með samstöðu og samtal, þeirra sem þekkinguna hafa, þvert á flokka og fólki, getum við leitt áfram vinnu sem styrkir skóla-samfélagið okkar og býr þannig starfsfólki og börnum enn betri starfsaðstöðu.

Með umburðarlyndi fyrir fjölbreytileikanum og skilning á mismunandi skoðunum vona ég að við Hafnirfjörðingjar höldum inn í komandi vetur með það að markmiði að hlúa vel að hvort öðru. Höfundur er formaður fræðsluráðs Hafnarfjarðar.

Skátastarf Hraunbúa er að byrja aftur eftir sumarfrí!

Drekaskátar fyrir börn 8-9 ára, fædd 2013 & 2014.

Fundir 1x í viku, val um miðvikudaga eða fimmtudaga kl 17:30 -18:30.
Fyrsti fundur verður 31. ágúst.

Fálkaskátar fyrir börn 10-12 ára, fædd 2010-2012.

Fundir 1x í viku, val um mánudaga kl. 18-19:30
eða miðvikudaga kl. 18:30-20. Fyrsti fundur verður 29. ágúst.

Dróttaskátar fyrir börn 13-15 ára, fædd 2007-2009.

Fundir verða á þriðjudögum kl 19-20:30.
Fyrsti fundur verður 30. ágúst.

Fjölskylduskátar fyrir 5-7 ára börn og forráðamenn með.

Fundir verða annan hvern laugardag kl.10.
Fyrsti fundur verður 3. september.

Allar frekari upplýsingar og skráning á hraunbuar.is



SKRÁNING
Skannaðu QR kóðann!



Ertu 6-10 ára söngfugl?

Barnakór Ástjarnarkirkju

**Öll börn í 1. - 5. bekk eru
hjartanlega velkomin!**

Kórstjóri: Svava Rún Steingrimsdóttir
sími 867 4978
Skráning: barnakor@astjarnarkirkja.is

Á döfinni eru m.a. sameiginlegir
jólatónleikar með barnakórum
Hafnarfjarðar- og Víðistaðasóknar

Æfingar byrja fimmtudaginn
15. september og verða
alla fimmtudaga kl. 17 - 18



Barna- og unglingakórastarf Hafnarfjarðarkirkju

Falleg samvera í tónlist ásamt faglegri leiðsögn í söng og tónlistarflutningi
Framundan er m.a. jóla- og vortónleikar, náttfatpartý, pizzuveislur, óvissuferðir og fleira
Sungið í guðspjónustum nokkrum sinnum á önn
Tækifæri til að syngja með fleiri kórum bæjarins og valinkunnum tónlistarmönnum
Unglingakór kirkjunnar fer reglulega í söngferðir bæði innanlands sem utan

Barnakórinn 1.-5. bekkur

Æfingar: Fimmtudögum kl. 17:00 – 18:00
Kórstjóri: Brynhildur Auðbjargardóttir –
braud64@hotmail.com – 867 77 98
Skráning: hafnarfjardarkirkja.is

Unglingakórinn 5.-10. bekkur

Æfing einu sinni í viku
Kórstjóri: Helga Loftsdóttir –
helga.loftsdottir@gmail.com – 695 9584
Skráning: hafnarfjardarkirkja.is



Endurbætur á Suðurbæjarlaug

Aðalsteinn Hrafnkelsson upplýsir um framkvæmdirnar í Suðurbæjarlaug

Aðalsteinn Hrafnkelsson hefur verið forstöðumaður sundlauganna í Hafnarfirði í rúman áratug. Fulltrúi Fjarðarfréttu lagði nokkrar spurningar fyrir Aðalstein um Suðurbæjarlaug en talsverð umræða hefur verið um lokun hennar í sumar.

HVERS VEGNA ÞARF AD LOKA ÚTISUNDLAUG Á HÁANNATÍMANUM YFIR SUMARIÐ?

Öll mannvirki þurfa á viðhaldi að halda og aðalástæða þess að það þurfti að loka í sumar var að unnið var að nauðsynlegu viðhaldi á flisum í rennum við sundlaugarbakkann. Því þurfti að tæma laugin af vatni og flísaviðgerðir við útilaug er einungis hægt að framkvæma að sumri til.

AF HVERJU ER SUÐURBÆJARLAUG VINSÆL?

Umhverfi laugarinnar og garðurinn hefur sitt að segja og það eru margir sem vilja frekar synda úti heldur en inni og þá spillir ekki fyrir að vera í notalegu umhverfi. Innilaugin er ákaflega vel heppnuð fyrir lokaða tíma af ýmsum toga. Svo má ekki gleyma líkamsrækt

Gym Heilsu í kjallaranum og það að geta farið ræktina samhliða sundheimsókn er mjög hentugt.

NÚNA ER VERIÐ AD BRJÓTA OG VINNA Á ÚTISVÆÐINU, HVAD ER Í BÍGERÐ ÞAR?

Það er verið að búa til barnvæna vaðlaug í framhaldi af „sveppnum“ svokallaða, jafnframt verður byggt húsnæði þar sem áður var áhorfendastúkan og þar sett upp eimbað ásamt laugarvarðarými. Að endingu verða útbúnir tveir niðurgrafniir kaldir pottar með mismunandi hitastigi. Minnt er á að á meðan framkvæmdum stendur verður laugin opin með ákveðnum takmörkunum.

ÞEGAR VERIÐ ER AD ÁKVEÐA AD BREYTA EINHVERJU EÐA SETJA EITTHVAD NÝTT TÆKI UPP Í LAUGINNI, HVER ER ÞAD SEM ÁKVEÐUR SLÍKT?

Það er gert í samráði yfirstjórnar lauganna og framkvæmdasviðs bæjarins því oftar en ekki krefst slík aðgerð sérstakrar fjárveitingar utan hefðbundins reksturs lauganna.



Aðalsteinn Hrafnkelsson, forstöðumaður sundlauganna í Hafnarfirði

NÚ ER STÓRT ÚTISVÆÐI MEÐ GRASI OG TRJÁM Á LÓÐ LAUGARINNAR, HVAD FINNST ÞÉR AD VÆRI HÆGT AD GERA FYRIR ÞETTA SVÆÐI ÞANNIG AD BÆJARBÚAR GÆTU NOTIÐ ÞESS BETUR?

Ég horfi einkum til þess að bæta sólbáðsaðstöðu laugarinnar og svo til

þátta tengdri lýðheilsu t.d. gæti lítill frísbílgolfvöllur hentað aðstæðunum. A.m.k. þarf að lita til þess að nýta þetta fallega umhverfi betur en nú er.

LOKAORÐ

Njótum sundlauganna í bænum. Þær er ólíkar að gerð og henta mismunandi sundiðkun sem er ótvíráður kostur í okkar ágæta bæjarfélagi.

Hvað er ungmennahús?

KYNNING

Margrét Gauja Magnúsdóttir, deildarstjóri ungmennahúsa í Hafnarfirði, situr fyrir svörum

HVAD ER UNGMENNHAÚS EIGINLEGA?

Ungmennahús er félagsmiðstöð fyrir ungt fólk á aldrinum 16-25 ára. Þau eru öll misjöfn eins og þau eru mörg og við í Hafnarfirði erum svo lánsöm að vera með tvö ungmennahús, Hamarinn á Suðurgötu 14 og Músik & mótör á Dalshrauni 10. Hamarinn býður uppá allskonar virkni eins og Úti-Hamarinn, Handavinnu-Hamarinn, Spunaspilarana, Ungmennaráð Hafnarfjarðar, Skapandi sumarstörf o.fl. en einnig er hægt að fá ráðgjöf frá Berginu, Headspace í Hamrinum og sálfræðipjónustu, gjaldfrjálsa. Einnig er hægt að koma og læra, slappa af, spjalla, spila Playstation, horfa á Netflix, spila pool eða borðtennis, fönndra eða hvað sem fólki dettur í hug. Við hugsum Hamarinn sem „Safe Space“ eða rými sem er öruggt ungu fólki, að vera það sem það vill vera og gera það sem það vill gera. Músik & mótör er ögn öðruvísi því hún er fyrir allt ungt fólk á aldrinum 13-25 ára. Þar er hægt að sækja



Margrét Gauja ásamt samstarfsfólki með Hvatningarverðlaun Samfés 2021.

um herbergi, sem eru nýtt til ýmissar listsköpunar. Í flestum þeirra eru hljómsveitir með æfingaraðstöðu en einnig er myndlistarfólk með aðstöðu þar. Einnig erum við með stóran og geggjadan bílskúr þar sem hægt er að koma fyrir a.m.k. 2 bílum í einu, til að gramsa í, eða eitthvað annað með hjólum á. Það er alltaf starfsmaður með þekkingu á verkferunum á vakt til aðstoðar. Síðan erum við með upptökuhljóðver og hann Bigga sem tekur vel á móti öllum sem hafa áhuga á að taka upp tónlist. Einnig er hægt að koma í Músik & mótör og vera. Þar er líka Playstationtölva, borðtennis, vínispilari og vínplötur og fúsballspil. Mikilvægt er að það komi fram, að við erum einnig til staðar fyrir allt ungt fólk, ef það kemur með hugmyndir af klúbbum, virkni, viðburðum

eða fleira. Við erum héra til staðar fyrir allt ungt fólk bæjarins og okkar eina hlutverk er að þjónusta þau.

HVER ER OPNUNARTÍMINN?

Hamarinn er opin, alla virka daga frá 09:00 – 23:00 og Músik & mótör er opin frá 17:00 til 22:00 öll virk kvöld. Ef fólk vill nýta sér hljóðverið er best að mæta uppí Músik & mótör á mánudögum og miðvikudögum og hitta Bigga þar og bóka tíma. Einnig er hægt að nálgast okkur í gegnum Facebook- og Instagramsíður Hamarsins og Músik & mótör.


ER EITTHVAD SÉRSTAKT Á DÖFINNI HJÁ YKKUR Á NÆSTUNNI?

Já, við erum núna á fullu að skipuleggja Apolló, listahátíð ungs fólks í Hafnarfirði. Okkur fannst Apolló nafnið svo viðeigandi þar sem það er litríkt lakkris-

konfekt sem var einu sinni framleitt í Músik & mótör, þegar Lakkrísgerðin var þar. Við fengum styrk frá Ferða- og menningarmálanefnd Hafnarfjarðar fyrir tveimur verkefnum, sem við sjóðum saman í eitt og verður allur októbermánuður undirlagður undir Apolló.

Föstudaginn 30. september ætlum við að vera með opunarhátíð á báðum stöðum, Hamrinum og Músik & mótör og svo verða fyrstu fjórar helgarnar í október undirlagðar undir vinnustofur af ýmsum toga sem allt ungt fólk, á aldrinum 13-25 ára, getur skráð sig í. Við munum bjóða uppá vinnustofur í skapandi skrifum, vegglistagerð, fördun, dragi, krítatöflugerð, kökuskreytingum, ljósmyndun o.fl. Einnig munum við bjóða uppá vinnustofur í samtarfi við samtökin Stelpur rokka! og er öllum stelpum og kynsegin, sem hafa áhuga á tónlist, boðið að taka þátt. Allar vinnustofurnar munu því miður vera með hámarksfjölda og einhvern þátttökukostnað en honum er haldið í algjöru lágmarki, mest 5000 krónur, en einnig er hægt að sækja um námstyrk til okkar. Síðasta helgin í október fer svo í uppskeruhátíðina, þar sem íbúar geta komið á sýningar og kynnt sér afurðirnar. Við erum mjög spennt fyrir þessari litlu listahátíð og vonandi verður þátttakan geggjúð og þessi fyrsta listahátíð ungs fólks í bænum mun festa sig í sessi.


Hægt verður að nálgast allar upplýsingar á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar og Facebook- og Instagramsíðu Hamarsins.





Komdu að æfa FJALLAHJÓL, BMX EÐA HJÓLABRETTI


Allar upplýsingar inn á WWW.BFH.IS



Badmintonfélag Hafnarfjarðar

Æfingar í badminton og borðtennis fyrir alla aldurshópa í Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Skráning og nánari upplýsingar á badmintonfelag.is



Félagsstarf fyrir boði

Fjölbreytt félagsstarf í boði fyrir alla aldurshópa

Frístundaheimili

opið til 17 alla virka daga

Frístundaheimilin eru fyrir börn í 1. – 4. bekk og starfa við alla grunnskóla í Hafnarfirði. Fjölbreytt tómstundastarf sem byggir á vali, hópastarfi, smíðjum og útiveru.

hfj.is/fristundaheimili



Félagsmiðstöðvar

starfsemi þrisvar í viku frá 17-22

Uppbyggilegt og fjölbreytt frístundastarf í öllum grunnskólum Hafnarfjarðar fyrir 10-16 ára. Unnið er í klúbbum, ráðum, opnu starfi og verkefnum.

hfj.is/felagsmidstodvar



Ungmennahús

Hamarinn

Opinn og öruggur vettvangur fyrir 16-25 ára. Opið virka daga frá 9-23.

Músik og mótör

Vettvangur fyrir 13-25 ára til listsköpunar og vélaviðgerða. Opið virka daga frá 17-22.

hfj.is/ungmennahus



Nánar á:

hafnarfjordur.is

Örn og ungmenni

Komdu í sund

frítt fyrir 17 ára og yngri

Sund er ávísun á uppbyggjandi, líflega og góða samveru fjölskyldu og vina. Suðurbæjarlaug og Ásvallalaug eru opnar alla daga og Sundhöll alla virka daga.

hfj.is/sund



Frístundastyrkir

Mánaðarlegur 4.500.- kr. styrkur fyrir 6-18 ára

Styrkur til lækkunar á þátttökugjöldum. Markmiðið er að gera öllum börnum kleift að taka þátt í íþrótt- og tómstundastarfi óháð efnahag og vinna gegn óæskilegu brottfalli eldri iðkenda.

hfj.is/fristundastyrkir



Ert þú í atvinnuleit?

Fjölbreytt hlutastörf og afleysingarstörf í boði

Hafnarfjarðarbær óskar eftir frábærum fyrirmyndum á öllum aldri m.a. í starf skóla- og frístundaliða. Fyrirmyndum sem hvetja og leiðbeina í gegnum leik, samveru og sköpun.

hfj.is/storf



Hafnarfjörður



Handknattleiksdeild FH

Handboltaæfingar hjá FH eru komnar á fullt skrið.

Skemmtileg íþrótt, frábær félagsskapur og færir þjálfarar.

Við hvetjum alla krakka til þess að prófa æfingar hjá FH næstu tvær vikurnar!

Æfingatafla: fh.is/handbolti/aefingatafla

eða skannaðu kóðann:



Knattspynudeild FH

Barna- og unglingastarf Knattspynudeildar FH er mjög öflugt. Við erum ein fjölmennasta deild á landinu og höfum verið það undanfarin ár. Þjálfunin er í háum gæðaflokki og mikil áhersla er lögð á að þjálfarar séu með viðeigandi menntun. Æfingarnar eru fjölbreyttar og skemmtilegar og æft er við frábærar aðstæður allt árið um kring.

Undanfarin ár höfum við lagt sérstaka áherslu á að fjölga iðkendum hjá okkur kvennamegin og nú í ár er engin breyting þar á.

Við hvetjum alla til að koma og prófa að koma á æfingar hjá okkur!

8. flokkur kvenna (2017-2019)

Fimmtudagur 17:00-18:00 Dvergurinn

Laugardagur 11:30-12:30 Dvergurinn

8. flokkur karla (2017-2019)

Þriðjudagur 17:00-18:00 Risinn/Dvergurinn

Laugardagur 09:30-10:30 Dvergurinn (2017)

Laugardagur 10:30-11:30 Dvergurinn (2018-2019)

7. flokkur karla (2015-2016)

Þriðjudagur 15:00-16:00 Risinn (2015)

Þriðjudagur 16:00-17:00 Risinn (2016)

Fimmtudagur 15:00-16:00 Risinn (2016)

Fimmtudagur 16:00-17:00 Risinn (2015)

Sunnudagur 10:30-11:30 Risinn

7. flokkur kvenna (2015-2016)

Fimmtudagur 16:00-17:00 Dvergurinn

Föstudagur 15:00-16:00 Dvergurinn

Sunnudagur 10:30-11:30 Dvergurinn

6. flokkur karla (2013-2014)

Mánudagur 15:00-16:00 Skessan

Þriðjudagur 15:00-16:00 Skessan

Föstudagur 15:00-16:00 Skessan

6. flokkur kvenna (2013-2014)

Mánudagur 15:00-16:00 Risinn

Fimmtudagur 15:00-16:00 Skessan

Föstudagur 15:00-16:00 Risinn

5. flokkur karla (2011-2012)

Mánudagur 16:00-17:00 Skessan

Miðvikudagur 15:30-16:30 Risinn/Dvergurinn

Föstudagur 16:00-17:00 Skessan

Sunnudagur 09:30-10:45 Skessan

5. flokkur kvenna (2011-2012)

Mánudagur 17:00-18:15 Skessan

Miðvikudagur 15:30-16:30 Skessan

Fimmtudagur 17:00-18:15 Risinn

Laugardagur 09:30-10:45 Risinn



Æfingatafla eldri flokka er á fh.is

Nánari upplýsingar á www.fh.is



SKRÁNING HAFIN Í SUND

SUNDSKÓLI SH 0 TIL 5

Fyrir 4 - 12 ára

Grunn laug

- **Sundskóli SH 0.** Fyrir 2-5 ára 1x í viku (*með foreldrum*)
- **Sundskóli SH 1.** Fyrir 4-5 ára 2x í viku
- **Sundskóli SH 2.** Fyrir 5-6 ára 2x í viku
- **Sundskóli SH 3.** Fyrir 6-7 ára 2x í viku

Djúp laug

- **Sundskóli SH 4.** Fyrir 7-10 ára 2x í viku
- **Sundskóli SH 5.** Fyrir 8-12 ára 3x í viku

SKRIÐSUNDNÁMSKEÐ FYRIR FULLORÐNA

Sundkennsla í 4. vikur 2x í viku fyrir fullorðna. Kennsla þriðjudaga og fimmtudaga kl. 20-21 í Ásvallalaug.

Næstu námskeið

byrja:

4. Okt 1. Nóv 10. Jan

RioTinto

styrkir barna- og
unglingastarf SH



SUNDFÉLAG HAFNARFJARÐAR

skrifstofa@sh.is

Sími 555 6830

sh.is

sportabler.com/shop/sh

Félagshesthús Sörli

Langar barnið þitt að kynnst hestum og fara á hestbak en vantar hest eða vantar það hesthúspláss?

Nú gefst barninu þínu einstakt tækifæri til að kynnst ævintýraheimi íslenska hestsins.

Fyrir frekari upplýsingar sendið tölvupóst á netfangið felagshus@sorli.is eða kíkið á www.sorli.is



Listafjör

Námskeið fyrir 10–12 ára krakka í
Hafnarfjarðarkirkju

Á miðvikudögum kl. 15.30–17:00 í safnaðarheimili
Hafnarfjarðarkirkju.
Námskeiðið hefst 12. október og lýkur með
listasýningu barnanna sunnudaginn 4. desember.

Takmarkaður fjöldi þátttakenda. Ekkert gjald.
Skráning: hafnarfjardarkirkja.is/listafjor/

Leiðbeinendur: Ísabella Leifsdóttir og
Bylgja Dís Gunnarsdóttir.

Nánari upplýsingar: bylgja@hafnarfjardarkirkja.is

SAMBO

glíma og sjálfsvörn

Allir velkomnir í prufutíma í Sambo

Skráning: helga@1312.is eða á facebook: Sambo 80/skilaboð.

Við erum á Flatahrauni 14 í Hafnarfirði.

Fristundastyrkur hjá Hafnarfjarðarbæ gildir hjá Sambo 80

**Sambo er alþjóðleg sjálfsvarnar- og bardagaíprótt og
viðurkennd Olympíugrein frá árinu 2021.**

Sambo 80 er frumkvöðull á Íslandi með að bjóða þjálfun í Sambo



Þjálfari er Aleksandr Stoljarov,
alþjóðlegur þjálfari.

FRJÁLSAR Í VETUR

Nýtt tímabil að hefjast
Komdu og prófaðu



Tökum vel á móti nýjum iðkendum. Frábærir þjálfarar. Fyrsta flokks aðstaða í Kapla. Strákar og stelpur æfa saman. Sjá nánar á fh.is/frjalsar



LEIKSKÓLAFRJÁLSAR^{NÝTT}

Námskeiðið fór gríðarlega vel af stað
síðasta haust. Æfingar fyrir krakka
fædda 2017 og 2018 í Kapla
kl 10:30 á laugardögum



TRACK AND FIELD IN HAFNARFJÖRDUR
ages 5 and up - see fh.is/frjalsar/english/

Flottur árangur hjá BH í Svíþjóð

Hópur barna og unglinga úr Badmintonfélagi Hafnarfjarðar tók þátt í badmintonmóti í Sollentuna í Svíþjóð fyrstu helgina í september. Í heildina tóku 26 BH-ingar þátt í mótnu en fjórir þjálfarar og fimm foreldrar voru einnig með í för ásamt hópi keppenda og þjálfara frá Siglufirði og Sauðárkróki. Keppendur BH stóðu sig mjög vel á mótnu fengu 2 gull, 6 silfur og 9 brons.

Katla Sól Arnarsdóttir sigraði í einliðaleik í U15A og Jón Víðir Heiðarsson sigraði í tvenndarleik í U19A.

Silfurverðlaun fengu Angela Líf Kuforíji í einliðaleik U15B, Matthildur Thea Helgadóttir í tvíliðaleik U13A, Helgi Sigurgeirsson og Emilía Ísis Nökkvadóttir í tvenndarleik U15B, Sunna Katrín Jónasdóttir í tvenndarleik U17B og Adam Elí Ómarsson í tvenndarleik U19A.



Bronsverðlaun fengu Erik Valur Kjartansson í tvíliðaleik U13A, Katla Sól Arnarsdóttir í tvíliðaleik U15A, Stefán Logi Friðriksson og Lena Rut Gígja í tvenndarleik U17A, Eliana Ísis Árnadóttir, Sólun Chanse Sigurðsson og Yuna Ír Thakham í tvenndarleik U17B og Adam Elí Ómarsson og Jón Víðir Heiðarsson í tvíliðaleik U19A.

Hópurinn æfði einnig í Sollentuna og skellti í sér í tívoli í Stokkhólmi. Skemmtileg og eftirminnilega ferð fyrir alla.

FJÖLGÆÐI UM 15% Á SUMARNÁMSKEIÐUM BH MILLI ÁRA

Sumarnámskeið Badmintonfélags Hafnarfjarðar voru haldin í 10. sinn í sumar í Strandgötunni. Námskeiðin verða vinsælli og vinsælli með hverju sumri. Í ár voru 202 börn skráð til þátttöku, 15% fleiri en í fyrra. Því miður komust ekki allir að sem vildu og var biðlisti allar fimm námskeiðsvikurnar.

Boðið var uppá námskeið fyrir bæði byrjendur og lengra komna í badminton og byrjendur í borðtennis. Lang flestir völdu að vera allan daginn og prófa því bæði badminton og borðtennis en líka var hægt að vera hálfan daginn og fara þá bara í eina grein. En ekki var einungis farið í badminton og borðtennis á námskeiðunum, útivist og ýmsir leikir og þrautir voru einnig á dagskrá.



Íslenski hópurinn á leiðinni til Svíþjóðar, 38 keppendur og 15 þjálfarar og foreldrar frá BH, TBS og Tindastól.

fjardarfrettir.is/felog

Er þitt félag rétt skráð? | Sendu ábendingu á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is



Velkomín í sunnudagaskóla
Hafnarfjarðarkirkju
þar sem gleði, undrun
og leikur ríkjum.

Tónlistin fær mikið vægi með söng og
hljóðfærum.

Sunnudagaskólinn leggur sig fram við að styðja fjölskyldur,
í öllum sínum fjölbreytileika, við að kenna börnum bænir, byggja
upp jákvæða sjálfsmynd
og finna öryggi og vináttu hjá Guði.

Máni keppir í Serbíu

22 ára Hafnirfjörður keppir í sambo

Á síðasta ári tóku tveir keppendur frá Íslandi þátt í Evrópumóti í Sambo og í næstu viku keppir, 22 ára Hafnirfjörður, Máni Hrafn Stefánsson í Novisad í Serbíu í Evrópukeppni.

Máni keppir fyrir hönd Íslands í annað sinn en á síðasta ári tók hann þátt í Evrópumóti í Grikklandi.

Þjálfari Sambo er Aleksandr Stoljarov, sem er fæddur í Krasnodar Rússlandi og stundaði æfingar, keppni og þjáfnu í Sambo á sínum yngri árum. Aleksandr er með alþjóðleg þjálfara-réttindi í Sambo.

Sambo er nýleg íþrótt á Íslandi, sjálfsvarnar og bardagaíþrótt sem er stunduð í næstum 200 löndum og Olympíugrein frá árinu 2021.

Sambo 80 er íþróttafélag innan ÍBH í Hafnarfirði og aðili að ÍSÍ í gegnum Sambo Ísland sem er svo með aðild að Evrópusamtökum Sambo.

Sambo 80 hóf starfsemi í Hafnarfirði fyrir tveimur árum og er með æfingar fyrir öll kyn og aldurshópa.



Hafnirfjörðurnir Máni Hrafn Stefánsson og Aleksandr Stoljarov þjálfari.

Komdu í Karate

**Haustönn var að hefjast
Komdu í frían prufutíma**

Karategalli fylgir með
byrjendanámskeiðum

Allar nánari upplýsingar
á heimasíðu deildarinnar

www.kdh.is



KOMDU Í BLAK

**Skemmtileg og fjölbreytt
hreyfing í góðum félagsskap**



Yngri hópur 9 - 11 ára (árgangur 2011 - 2013)
Þjálfari: Ragnheiður Þórdís Ragnarsdóttir

Þriðjudagur kl. 16:00 – 17:00
Fimmtudagur kl. 16:00 – 17:00

Eldri hópur 12 - 15 ára (árgangur 2007 - 2010)
Þjálfari: Sladjana Smiljanic

Þriðjudagur kl. 17:00 – 18:30
Fimmtudagur kl. 17:00 – 18:00

Æfingar eru í Víðistaðaskóla

Fríar æfingar út september



blakfelaghjf@gmail.com

Karلاكórinn þrestir



Nú erum við að byrja aftur!

Æfingar á mánudögum kl. 19
í sal kórsins að Flatahrauni 21, 2.h.

Viljum bæta við í allar raddir.

Kíktu á æfingu á mánudaginn!

Margt skemmtilegt framundan.

